




REGLUR UM FRAMKVÆMD SKÖMMTUNAR Á VEITUSVÆÐI RAFVEITU REYÐARFJARÐAR

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægi ekki eftirspurn á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar mun veitan þurfa að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Á veitusvæðinu er húsnæði hitað með raforku og er um helmingur af notkuninni til húshitunar sem bæði getur verið kostur og ókostur þegar til skerðingar kemur. Við skerðingu þarf að tryggja að hitastig í húsum sé alla vega nokkrar gráður til að ekki komi til frostsKemmda ef skerðingin er að vetralagi en einnig þarf að vera nægur hiti í íbúðarhúsum til íveru þar. Þar að auki þarf að tryggja að fjarskiptakerfi virki svo sem GSM sendar og að heilsugæsla geti sinnt störfum sínum.

Ef kostur er mun Rafveita Reyðarfjarðar mæta á eftirfarandi hátt takmörkun á framboði raforku:

- 1) Slökkt verði á rafskautakatli fyrir sundlaug og íþróttahús og olía notuð í staðin. Þetta er rúmlega 5% notkunar á svæðinu.
- 2) Framleiðsla Búðarvirkjunar verði eins mikil og aðstæður leyfa. Dísilstöð verði ræst og fer í fulla vinnslu. Þessir þættir geta annað allt að 10% markaðarins.
- 3) Slökkt verði á götulýsingu ef hún er í gangi. Þetta er um 1% af notkuninni á svæðinu.
- 4) Allir notendur raforku verða beðnir um að lækka innihita að minsta kosti um 2°C. Annað hvort má gera slíkt með að lækka hitastig í öllu húsnæðinu eða loka herbergjum sem lítið eru notuð og lækka verulega hitastig þar. Með þessari aðgerð ætti að vera hægt að minnka notkun um rúm 10%.
- 5) Farið verði fram á það við atvinnustarfsemi að lækka frekar hitastig í atvinnuhúsnæði og takmarka lýsingu og annað eins og kostur er. Notað sé gas eins og kostur er við eldun. Breitt verði yfir alla opna frysta í verslunum. Slökkt verði á allri skrautlýsingu.
- 6) Ef kostir 1) til 4) duga ekki verður farið í að skerða til skiptis afmörkuð svæði innan dreifikerfisins. Reynt verður að tryggja afhendingu til fjarskiptakerfa og heilsugæslu. Ef ekki gefst tími til að grípa til aðgerða 3) og 4) verður farið beint í þennan þátt.

Við fyrirvaralausar truflanir í raforkukerfinu getur afhending raforku fallið niður og þá gefst ekki tími fyrirfram til neinna aðgerða heldur eru það eiginleikar kerfisins sem ráða því hverjir verða straumlausir. Þessar reglur eiga því ekki við um slík tilvik.


Páll Björgvin Guðmundsson

Samþykkt í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd 19. desember 2011
Samþykkt í bæjarstjórn 5. janúar 2012